

Hvatastaðir í Hrísey

Fornleifarannsókn 2018



Orri Vésteinsson

með viðauka eftir Magnús Á. Sigurgeirsson

Fornleifastofnun Íslands

FS727-18531

Reykjavík 2018

© *Fornleifastofnun Íslands 2018*
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Forsíðumynd: Hvatastaðir úr suðri, mynd tekin úr flygildi 2. ágúst 2018, Orri Vésteinnsson.

Efnisyfirlit

Samantekt - Summary	4
Inngangur	5
Uppmæling	7
Uppgröftur – sjóbúðir	9
Uppgröftur – bæjarhóll og útihús	11
Uppgröftur – garðar	13
Niðurstöður og umræða	14
Viðauki 1. Borkjarnar	18
Viðauki 2. Hnit á borkjörnum og sniðum	20
Viðauki 3. Gjóskulagarannsókn	21

Samantekt

Markmið rannsóknarinnar var að afla grunnupplýsinga um aldur mannvistarleifa á Hvatastöðum í Hrísey. Grafnir voru tveir skurðir og snið hreinsað í rofbakka. Í ljós kom að sjóbúðir sem brýtur af eru með tvö byggingarstig, bæði yngri en 1477. Í bæjarhól eru ummerki um mannvista á 10. öld og fram yfir 1104 og einnig ummerki um endurbyggingar eftir 1477. Snið í mót túngarðs og landamerkjagarðs sýnir að túngarðurinn er eldri, en báðir voru fallnir við jörðu fyrir 1104.

Efnisorð: Hrísey, eyðibýli, garðakerfi, byggðasaga, bæjarhóll, sjóbúð

Summary

The preliminary investigation aimed to establish a basic dating framework for archaeological remains at Hvatastaðir in Hrísey. Two trenches were dug and a section cleaned where the sea has broken into fishing huts on the coast. The huts have two building phases, both postdating 1477. The farm mound has occupation layers from the 10th-12th centuries and also signs of reoccupation after 1477. A section in the junction of the home-field boundary and a property boundary demonstrated that the home-field boundary predates the other, but both had completely collapsed before 1104.

Keywords: Hrísey, abandoned farm, boundary system, settlement history, farm mound, fishing hut

Inngangur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir Syðstabæ í Hrísey sem tekin var saman 1712 er getið um eyðibýlið Hvatastaði og sagt að það hafi “ei bygt verið frá gamalli tíð, en auðsjenar eru hjer tófta og girðingaleifar. Ekki má hjer aftur bygja því túnstæðið er lyngi vaxið.”¹ Býlisins er einnig getið í eyðibýlatali Olavíusar (1775-1777) og er þar talið byggilegt á ný en þó með endurbótum.² Gert var út frá Hvatastöðum undir lok 19. aldar og í manntali frá 1880 er fólk talið til heimilis þar, þar á meðal Björn Jörundsson, sonur Hákarla-Jörundar, bónda í Syðstabæ.


Fornleifaskráning var gerð á Hvatastöðum 1998.³ Minjastaðnum var þá lýst sem eyðibýli innan tveggja túngarða með litlum bæjarhóli og útihústóft innan við innri garðinn, tvær eða þrjár sjóbúðatóftir á sjávarbakkanum sunnan við innra túnið og ein grjóthlaðin tóft á holti þar sunnan við. Greinilegt var að brotið hafði af sjóbúðatóftunum og þar sem útlit var fyrir að þær væru ekki mikið meira en 100 ára gamlar vakti það áhyggjur af að sjórinn bryti hratt af bakkanum á þessum slóðum og þess gæti verið skammt að bíða að tóftirnar hyrfu með öllu. Vegna þess hefur ítrekað verið sótt um styrki til Fornleifasjóðs, og síðar Fornminjasjóðs, en ekki fengist. Önnur ástæða til að gera fornleifarannsóknir á Hvatastöðum er að þeir eru eina bæjarstæðið af fimm í Hrísey sem er alveg ósnortið af seinni tíma framkvæmdum og því góðar líkur á að þar verði hægt að afla heildstæðra gagna um sögu byggðar.

Árið 2018 ákvað Háskóli Íslands í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands að gera minniháttar forkönnun á Hvatastöðum til að afla grunnupplýsinga um aldur búsetu á staðnum og til að leggja mat á hraða landbrots við sjóbúðirnar. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur gerði rannsóknina á tímabilinu 31. júlí – 10. ágúst og Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi gjóskulög. Lilja Laufey Davíðsdóttir fornleifafræðingur á Fornleifastofnun Íslands hreinteiknaði myndir og uppdrætti sem fylgja skýrslu þessari. Rannsóknin hófst á að minjastaðurinn var mældur upp í heild sinni með GPS tæki en fyrri uppdráttur byggði á loftmyndum og ónákvæmum mælingum á vettvangi. Hreinsuð voru snið þar sem brotið hefur af sjóbúðunum, borað með kjarnabor og grafnir tveir könnunarskurðir, einn í suðvesturhorn bæjarhóls og annar þar sem ytri túngarðurinn og landamerkjagarður á mörkum Miðbæjar og Syðstabæjar mætast.

¹ *Jarðabók X*, 99.

² Ólafur Olavíus, *Ferðabók II*, 39.


³ Orri Vésteinsson 1998, *Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII. Fornleifar í Hrísey*, Reykjavík: FS071, bls. 33-34.



Lýsing

- Strandlína
- Bæjarhóll
- Snið
- Tóftir og garðlög

Hvatastaðir - yfirlitskort



Mynd 1. Afstöðumynd af mannvistarleifum á Hvatastöðum, mælt 2018.

Uppmæling

Uppmæling var gerð með handheldu Trimble GeoExplorer 6000 GPS tæki sem mælir með nákvæmni upp á innan við 1 m. Gengið var eftir miðjum gördunum og utan með tóftum og rústahólum. Sjávarbakkinn við sjóbúðirnar og fjöruborðið þar neðan við voru einnig mæld til að hafa fast viðmið til að meta hraða landbrotsins á þeim stað. Svæðið var einnig ljósmyndað úr lofti með flygildi, með áherslu á að ná skýrum myndum af sjóðbúðunum sem nota mætti til samanburðar í framtíðinni.



Mynd 2. Sjávarbakkinn með sjóðbúðunum. Vestur er upp á myndinni. Greinilega má merkja hvar sjórinn hefur étið sig inn í landið sunnan við syðri sjóðbúðina.

Uppmælingin kemur ágætlega heim og saman við uppdráttinn sem gerður var 1998 og sýnir að engar verulegar breytingar hafa orðið á svæðinu á þessum 20 árum sem á milli eru. Dálítið hefur brotnað úr sjávarbakkanum hjá sjóðbúðunum, líklega um hálfur metri. Úr lofti sést vel hvernig sjórinn hefur étið sig inn í landið á allbreiðu bili þar sem hnúllungafjara er neðan við framrás lækjar norðan við búðirnar. Þar hefur lendingin verið. Hnúllungafjaran er um 20 m breið og fer líklega ekki öll á kaf nema á háflóði (lítill munur sást á flóði og fjöru á þessum stað á meðan á vettvangsvinnunni stóð). Hún nær um 70 m til norðurs frá nyrðri búðinni og er nyrðri endi fjörunnar á móts við suðurenda innri túngarðsins. Beint neðan við syðri búðina og 45 m þaðan til suðurs hefur sjórinn sópað jarðvegi ofan af klöpp sem stendur heldur hærra en fjaran norðan við. Þetta landbrot hefur orðið á síðustu öld, eftir að sjóðbúðirnar voru byggðar,

og má áætla að um 600 m² hafi horfið í sjóinn á þeim tíma. Þar sem sjórinn sleikir allajafna ekki rofbakkann verður landbrotið líklega einkum í stórviðrum, og er líklegt að ár eða jafnvel áratugir geti liðið á milli slíkra viðburða en að þegar þeir verði geti mikið brotnað af því fyrirstaðan er lítil. Landbrotið takmarkast við rúmlega 100 m bil þar sem dæld er í berggrunninn og jarðvegur nær niður undir sjávarmál. Sitthvorumegin gengur bergið fram í sjó með þynnri jarðvegi ofaná. Í sjávarbakknum neðan við dældina sést að mómyndun hefur átt sér stað í henni á ýmsum tímum en það hlýtur að hafa verið áður en brotnaði svo mikið framan af að vatn rynni fyrirstöðulaust út í sjó eins og nú er. Það er vísbending um að mun meira landbrot hafi orðið á þessu svæði en bjórinn sem hefur horfið á 20. öld.

Frekari rannsóknir þarf til að meta hversu mikið landbrotið hefur verið á þessu svæði í aldanna rás en gera má ráð fyrir að það hafi verið umtalsvert. Það molnar örugglega hægar úr berginu sem bæjarhóllinn og útihústöftin eru uppi á heldur en mýrinni sunnan við, en hversu hratt það gerist og hversu mikið hefur horfið síðan býlið var stofnað verður ekki ráðið af fornleifunum. Innri túngarðurinn (garðar 1 og 2) nær á þremur stöðum fram á bjargbrún og allsstaðar sést að runnið hefur úr brúninni frá því að hann var byggður en hvort það munar einum metra eða mörgum verður ekki ráðið af afstöðu garðendanna til bakkans.



Mynd 3. Tóft fast norðan við túngarð Hvatastaða, úr suðaustri.

hefur étið af austurenda tóftarinnar og sést því ekki hvort hún hefur haft austurgafli (þá væntanlega með dyrum) eða opnast fram á bakkann eins og naust. Um 7 m hátt þverhnipt bjarg er beint neðan við og því ólíklegt að bátar hafi verið dregnir þarna upp nema aðstæður hafi breyst mjög mikið frá því mannvirkið var í notkun.

Um 130 m norðar er önnur tóft, 10 m ofan við sjávarbakkann. Hún er lynggróin og alveg útflött, 7x4 m að utanmáli og gæti hafa haft dyr á norðurgafli.

Auk tófta og garða sem lýst er í fornleifaskráningunni frá 1998 fundust nú tvær rústir, báðar rétt norðan við Hvatastaðatún. Þær hafa því verið í Miðbæjarlandi á meðan það var sérstök landareign en tilheyra nú Ystabæ. Önnur tóftin er um 10 m norðan við túngarðinn þar sem hann gengur fram á bakkann við Borgarbrík. Hún er 9x7 m að utanmáli og eru hleðslurnar signar við jörð. Hún er algróin en gæti hafa blásið upp að innan og gróið aftur. Um 4 m rofgeil ofan við bjargbrúnina




Mynd 4. Tóft í Miðbæjarlandi, úr austri

Uppgröftur – sjóbúðir

Borað var í báðar sjóbúðirnar og reglulegu dældina sem er á milli þeirra og hreinsuð snið í bakkanum neðan við sitthvora. Lýsingar á borkjörnum eru í Viðauka 1.

Sniðið í bakkanum hjá syðri sjóbúðinni er í austurhlið hennar og sést torfhleðsla [102] greinilega í sniðinu. Í torfinu eru gjóskulög, þar á meðal líklega svokallað „a“ lag frá 1477. Undir því er syrpa af náttúrulegum lögum og engin önnur merki um mannvist. Grjót er í hleðslunum og borkjarnar 1 og 2 inni í tóftinni komu strax niður á steina sem líklega eru hrun úr veggjum. Borkjarni 3 var að mörgu leyti fróðlegri en sniðið. Hann var tekinn inni í tóftinni, 1,6 m frá bakka. Þar var fyrst hreyfð mold, mögulega rask frá þeim tíma þegar nyrðri tóftin var í notkun, undir því uppmokstur og þar undir torfhræra með viðarkolum. Þá kom skýrt og svart, fitugt kolagólf og undir því lítillaga hreyft lag en þar undir óhreyft. 10 sm neðar var svört gjóska, að líkindum „a“ lagið frá 1477 og þaðan 9 sm niður á H3.




- 101 Grástrót
- 102 Torfhleðsla - gjóska í torfinu
- 103 Dökkbrún áfoksmold - óhreyfð
- 104 Ljós gul gjóska - H3
- 105 Áfok með H4
- 106 Rauðgul mold
- 107 Svartar mólinsur með áfoki á milli
- 108 Ljósbrúnn þéttur leir
- 109 Blágrár ísaldarleir

Mynd 5. Snið við syðri sjóbúð.

Snið við nyrðri sjóbúð var hreinsað við suðausturhorn hennar og er rofið komið þar langleiðina í gegnum austurvegginn. Undir grástrót er torfhleðsla [202] og steinar sem eru í innri brún austurveggjar (nyrst í sniðinu) og suðurveggjar (í miðju sniði). Hleðslan er ofan á eldri torfvegg úr streng [204] og hefur verið skorið ofan í hann í þrepum [203 og 205] til að koma yngri veggnum fyrir. Greinileg merki eru um að yfirborð hefur verið lækkað og jafnað þegar eldri veggurinn var byggður (flái [207]). Engin söguleg gjóskulög eru á sínum stað í þessu sniði en í torfinu (í báðum veggjum) eru slitur af H3 og „a“ laginu frá 1477.

- 201 Grástrót
- 202 Torf og grjótleið
- 203 skurður
- 204 Torf - strengur.
- 205 skurður
- 206 Óhreyft - skorið í að sunnan
- 207 skurður



Mynd 6. Snið við nyrðri sjóbúð

Nyrðri sjóbúðin er öll hærrí og greinilegri en sú syðri og sést grjótleiðin í veggjum vel á yfirborði og grindartré liggur enn við suðurvegg að innanverðu. Borkjarni (bk5) sem tekinn var inni í tóftini þar sem búðargólfíð er dýpst (2 m frá bakka) sýndi hinsvegar sáralítil mannvistarlag. Þar er ekkert gólf eða aðrar vísbendingar um notkun tóftarinnar.


Á milli tóftanna, fast norðan við þá syðri er regluleg dæld. Borkjarni 4 sýndi að hreyfð lög eru þar á 15-42 sm dýpi, vottur af viðarkoli ofar en undir því hræringur sem gæti verið torfhrun eða uppmokstur.

Uppgröftur – bæjarhóll og útihús

Áður en skurður var grafinn bæjarhóllinn var borað sitthvorumeginn við hann norðantil til að athuga hvort mannvistarlög einskorðuðust við sýnilega upphleðslu þeirra eða hvort öskuhaugar eða önnur ummerki væru undir sverði í kringum hólinn. Borað var eftir línu sem lögð var út frá sjávarbakkannum, um 20 m frá austri til vesturs. Þar gengur dálítil tota fram í sjó og var austasti kjarninn fast á brúninni, 5,3 m frá mörkum hólans að austan. Kjarnar 6 til 9 voru teknir á þessu bili og sáust engar mannvistarleifar nema lítilsháttar torfhrun og kol í borkjarna 9 sem er 0,3 m frá hlið bæjarhólans, sem er afdráttarlaus á þessum stað. Vestan við hólinn voru teknir tveir borkjarnar á sömu línu en þar eru mörk hólans óljósari og liggja á bilinu 15,5 til 18,1 m frá sjávarbakanum. Í kjarna 10 (á 16,5 m) var hreyft lag með viðarkolum en annað ekki og ekkert í kjarna 11 (á 19 m). Þetta bendir til að mannvistarlög séu að mestu bundin við hina sýnilegu upphækkun oög dreifist ekki um stærra svæði. Engin merki um öskuhaug sáust. Hann gæti hafa verið sunnar en líklegt er að mikið af úrgangi heimilisins hafi verið sturtað beint í sjóinn enda stutt að fara.

Könnunarskurði var valinn staður sunnarlega á vesturhlið hólans. Það er sunnan við það sem sýnist vera yngsta byggingarstigið á hólnum og var það gert til að auka líkurnar á að finna ummerki um eldri byggingarstig ofan á óhreyfðum gjóskulögum. Fundinn var staður þar sem hlið hólans er brött og ekki virðist hafa hrunið mikið úr henni.

Skurðurinn sýnir tvö meginbyggingarstig á þessum stað. Það yngra er torf- og grjóttveggur byggður eftir 1477. Eldra byggingarstigið er frá því milli 940 og 1104, en ummerki um mannvist ofan við H-1104 í lagi [304] gætu bent til mannaferða á 12. eða 13. öld. Þriðja byggingarstigið er líklega enn yngra, tóftirnar sem standa hæst norðanmegin á hólnum, nokkrum metrum frá skurðstæðinu. Líklegt er að þær tengist skammvinnri búsetu á Hvatastöðum í lok 19. aldar en minna verður sagt um torfbygginguna sem á milli er – sem hefur staðið einhverntíma á bilinu frá 1477 til um 1880. Ekkert kol eða annað sem gæti bent til búsetu tengist því stigi og er því ekki hægt að útiloka að byggingin sé rétt eða skepnuhús af einhverju tagi. Í byrjun 18. aldar var greinilega ekki vitað til þess að búið hefði verið á Hvatastöðum um langa hríð og mætti af því stinga upp á þessi bygging sé frá 18. öld. En minni heimildamanna jarðabókarinnar náði ekki mikið lengra aftur en einn mannsaldur og því er ekki hægt að útiloka að byggingin sé frá 16. öld. Elsta byggingarstigið hefur á sér skýrt yfirbragð fastrar búsetu og



- 301 Grasrót - maðkétin. Óljós skil við [302] í austursniði. Hellur úr [302] eru víða á mörkum laganna.
- 302 Torfveggur. Ljósult, ljósgrátt (leirkennt), brúnt torf. Sést vel í norðursniði en er maðkétinn í austursniði.
- 303 Brúnt áfok - óhreyft. Óljós skil við [304].
- 304 Brúnt áfok - hreyft, þess meira sem neðar dregur, torfsneplar og vottur af viðarkoli. Dökk gjóska ofar (=1477), ljós neðst (=1104). Virðast báðar á sínum stað. Sú ljósa sést í báðum sniðum.
- 305 Torfhrun. Gæti verið hluti af [307]
- 306 Marglitur torfblendingur í niðurgrefti
- 307 Mannvistarlag með rauða og kolum ofan á Landnámssyrpuni (líklega á sínum stað fremur en í strengjatorfi).
- 308 H3 og náttúruleg lög undir því.

Mynd 7. Norður- og austursnið skurðar í bæjarhól.

er einsætt að þessi lög séu frá sama tíma og garðarnir voru reistir. Það hefur því verið hefðbundinn búrekstur og hefur hann staðið um allanga hríð, sennilega frá miðri 10. öld og fram á þá 12. Þó að mannvistarlögin í sem sjást í skurðinu séu greinilega yngri en gjóskan frá um 940 er ekki útilokað að búseta á Hvatastöðum sé eldri – til þess að skera úr um það þyrfti að grafa upp hólinn allan.

Athygli vekur að rauði sést blandaður saman við mannvistarlög í [307]. Rauði sést líka í óhreyfðum lögum í sjávarbakkanum þar sem sjóbúðirnar eru og myndar þar þunnar linsur. Á bæjarstæðið er hann hinsvegar kominn af mannavöldum, og koma tvær skýringar helst til greina. Annaðhvort er rauðinn hluti af torfi sem hefur verið skorið til bygginga í mýrunum í kring – og hefur þá tæplega verið mjög gagnlegt bbyggingatorf – eða að honum hefur verið safnað til að vinna úr honum járn. Ekkert gjall fannst þó sem stutt gæti þá tilgátu.

Ekkert var átt við útihústóftina sem stendur heldur hærra, norðaustan við bæjarhólinn. Hún er af allstóru fjárhúsi með garða eftir miðju og er tóftin af útliti að dæma ekki mjög forn þó hún gæti verið byggð á eldri leifum. Regluleg brún liggur í sveig utanvið norðausturhorn tóftarinnar eftir torfskurð. Borkjarni 12 var tekinn fast austan við þessa brún og í honum sást dökkgræn gjóska sem líklega er svokallað „a“ lag frá 1477, 12 sm undir yfirborði. Miðað við hæð bakkans hefur þetta lag verið skorið þegar húsin voru byggð (yngsta byggingarstigið eða eldri). Þetta er ekki ótvíræð vísbinding en bendir til að húsin tilheyri seinni stigum mannvistar á Hvatastöðum.

Uppgröftur – garðar

Fjórir garðar eru á Hvatastöðum:

1 er innri túngarðurinn og innan hans eru bæjarhóllinn og útihúsin. Hann er 240 m á lengd og afgirðir svæði sem er nú 0,7 ha að stærð en gæti hafa verið stærra þegar garðurinn var byggður.


2 er hólf utanum mýri norðan við garð 1. Garðurinn sjálfur er L-laga og virðist af afstöðu vera byggður á eftir garði 1 sem þó stendur hærra og er allur stæðilegri. Garður 2 er 115 m langur og afgirðir svæði sem er tæplega 0,4 ha.

3 er ytri túngarðurinn. Hann er 840 m langur og afgirðir svæði sem er um 7 ha að stærð og gæti hafa verið umtalsvert stærra á 10. öld.

4 er landamerkjagarður milli Syðstabæjar og Miðbæjar (nú Ystabæjar). Hann nær þvert yfir eyjuna og er samtals rétt tæplega 2 km langur.

Skurður var grafinn þar sem garðar 3 og 4 koma saman til að fá hugmynd um aldur þeirra og til að láta reyna á hvort hægt væri að sjá hvor væri eldri. Fljótt á litið virðist líklega að landamerkjagarðurinn sé byggður í einu lagi, frá strönd til strandar enda er hvergi á honum verulegur hlykkur eða brot. Þegar nánar er að gáð þar sem garðarnir mætast sést að garður 3 – ytri túngarðurinn liggur í samfelldum sveig niður að sjó en landamerkjagarðurinn sveigir af sinni meginstefnu, eins og til að koma þvert á hinn garðinn. Skurðurinn staðfesti að þannig liggur í þessu: ytri túngarðurinn er byggður á undan og þegar merkjagarðurinn var reistur hefur verið skilið eftir bil fyrir hlið þar sem þeir koma saman.

Suðursnið skurðarins sýnir ágætlega röð atburða. Fyrst hefur verið grafið upp torf til að hlaða túngarðinn [405]. Þælan hefur síðan, og líklega fljótlega, fyllst af torfhræringi [407]. Þessu næst er merkjagarðurinn byggður og hefur hann ekki náð að túngarðinum heldur hefur verið hlið á milli. Ytri hlið túngarðsins hefur verið styrkt með steinhleðslu á einhverju stigi málsis. Eftir að hætt var að halda við merkjagarðinum og hliðinu hefur hleðslan sigið inn í opið [406]. Ofan á það hefur síðan lagst hrun úr túngarðinum [404] og þar ofan á hrun úr




- 401 Grasrót
- 402 Áfok/gróðurmold. Ljós gjóska á sínum stað neðst
- 403 Torfhrun úr merkjagarði
- 404 Torfhrun úr ytri túngarði
- 405 Túngarður. Steinar í hleðslunni eru sennilega seinni viðbót. Torfhleðslan sést í austursniði
- 406 Sigið torf úr merkjagarði
- 407 Torfhræringur - fylling í pælu meðfram túngarði
- 408 Óhreyft

Mynd 8. Suðursnið í skurði á mótum túngarðs og merkjagarðs

merkjagarðinum [403]. Þegar báðir garðarnir voru fallnir við jörðu, orðnir jafnlágir og þeir eru í dag, féll gjóska úr Heklugosinu 1104 yfir þá báða [402]. Landnámssyrpan sást ekki í sniðinu og hefur að líkindum verið grafin burt þegar túngarðurinn var reistur. Of lítið sást af torfhleðslum í skurðinum til að hægt sé að segja af eða á hvort og þá hvaða hlutar landnámssyrpunnar séu í torfinu. Það verður því ekki annað fullyrt en að báðir garðarnir voru reistir allöngu fyrir 1104, túngarðurinn á undan merkjagarðinum. Ekki þurfa að hafa liðið mörg ár á milli þeirra framkvæmda. Túngarðinum hefur verið haldið við í einhvern tíma ef það er rétt túlkun að steinhleðslan sé seinni viðgerð og hugsanlega má túlka yngsta lagið, torfhrun [403] úr merkjagaðrinum sem vísbendingu um að honum hafi verið haldið við lengur en túngarðinum. Það hefur þó varla munað meira en í mesta lagi fáum áratugum og virðist furðufljótt hafa verið hætt að nota þessa garða.

Niðurstöður og umræða


Niðurstaðan um sjóbúðirnar er að sú nyrðri sé yngsta mannvirkið á staðnum og tengist örugglega útgerðinni sem vitað er um á Hvatastöðum undir lok 19. aldar. Það hefur ekki verið íveruhús heldur sjóbúð, kofi fyrir vergögn og aflu. Sá kofi hefur verið byggður á rústum eldri byggingar sem lítið verður sagt um, hvorki stærð hennar né hlutverk, en mögulegt er að hún hafi verið samtíða syðri sjóbúðinni. Þessar eldri byggingar eru báðar yngri en gjóska frá 1477, sennilega talsvert. Ef 9 sm eru milli elstu mannvistarlaganna og gjóskunnar eins og borkjarni 3 bendir til þá er syðri sjóbúðin varla eldri en frá lokum 17. aldar og líklegra að hún sé frá 18. eða 19. öld. Syðri búðin hefur greinilega verið íveruhús (og ætti því frekar að kalla verbúð en



Lýsing

- Bæjarhóll
- Snið
- Garðlög og tóftir

Hvatastaðir - yfirlitskort



Mynd 9. Uppmældar minjar á Hvatastöðum, lagðar yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf.

sjóbúð). Dældin norðan við hana er líklega þæla frá því að búðin var reist, þar sem torfið í vegghleðsluna var stungið upp, og hefur torf og aska frá búðinni smitast þangað seinna.

Ljóst er að þó að ekki brjóti hratt af sjávarbakkanum á þessum stað þá rennur úr honum smátt og smátt og að ekki þarf nema eitt fárviðri á stórstraumsflóði til að sópa öllum þessum minjum burt. Mjög brýnt er því að rannsaka þessar minjar áður en þær glatast með öllu. Slík rannsókn myndi varpa nýju ljósi á útgerðarsögu Norðurlands eftir siðaskipti. Það er á þeim tíma sem Norðlendingar réru mest frá verstöðum á Suðurnesjum og Vesturlandi á vetrarvertíð en eftir sem áður var fiskur veiddur á ýmsum tímum árs frá ýmsum stöðum við norðurströndina þó minna fari fyrir lýsingum á þeim veiðum. Mjög áhugavert væri að vita meira um litlar verstöðvar eins og virðist hafa verið á Hvatastöðum, sérílagi hvort eldra byggingarstigið tilheyri uppgangstímum í Hrísey á seinni hluta 19. aldar eða sé frá einhverju fyrra bjartsýnisskeiði á 17. eða 18. öld. Frá þeim tíma hafa verið grafnar upp verbúðir í Fjallahöfn á Tjörnesi.⁴ Þær eru talsvert meiri um sig og væri mjög áhugavert að geta borið þessa tvo staði saman.

Rannsóknin sýndi að byggð á Hvatastöðum hefur hafist á 10. öld en jafnframt eru ummerki um mannaferðir þar á seinni tímum. Í bæjarhólnum eru líklega tvö byggingarstig eftir 1477: það yngsta sem ekki var grafið í og tengja má skammvinnri búsetu á Hvatastöðum í lok 19. aldar og annað eldra sem minna verður sagt um. Hvort það tengist tilraun til búsetu, annaðhvort á 16. öld eða 18. öld ef vitnisburður jarðabókarinnar er skilinn þannig að hann útiloki byggð á 17. öld, eða hvort byggingin af aðhaldi eða skepnuhúsi sem tengist nýtingu úthagans verður ekki skorið úr um nema með frekari rannsóknum.

Hvatastaðir fylla stóran hóp eyðibýla frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Lengi vel var mest áhersla lögð á að rannsaka eyðibýli í hálendisjaðrinum en á undanförunum árum hafa fjölmörg eyðibýli í sældarsveitum verið kortlögð og rannsökuð, einkum í Mývatnssveit, en einnig í Reykjahverfi, Kelduhverfi, Skagafirði og víðar. Þar sem þau hafa verið tímasett virðist ávalt vera það sama uppi á tengingnum að býlin hafa verið stofnuð á 9. eða 10. öld en misjafnara er hvenær þau lögðust í eyði. Sum virðast hafa verið yfirgefin eftir örfá ár en mörg héldust í byggð í nokkrar kynslóðir og einstaka fram á seinni hluta 13. aldar eða jafnvel byrjun 14. aldar. Hvatastaðir virðast í hópi þeirra sem byggð voru í nokkrar kynslóðir. Það sýna bæði mannvistarlög undir og yfir gjósku frá 1104 í bæjarhólnum og sú umtalsverða fyrirhöfn sem liggur í öllum görðunum sem þar voru byggðir. Þeir hafa greinilega verið reistir í nokkrum áföngum – að lágmarki þremur. Innsti túngarðurinn (1) afmarkar mjög lítið tún og viðbótin (sem svo virðist vera), garður 2, hefur ekki bætt við miklu. Samanlagt girða þeir af um 1 hektara sem samsvarar um það bil einu kýrfóðri. Þó örugglega hafi sorfið af landinu síðan þarna var búið á 10. öld hefur það tæplega verið svo mikið að það breyti miklu um það mat að Hvatastaðir hafa verið smábýli. Ytri garðurinn gæti gert það. Hann afgirðir miklu stærra svæði, um 7

⁴ Guðmundur Ólafsson 2001, *Verbúðir á Húsahjalla. Fornleifarannsókn við Fjallahöfn á Tjörnesi*, Þjóðminjasafn Íslands: Rannsóknarskýrslur 2000: 6.

hektara og hefði það allt verið tún þá myndi það færa Hvatastaði í flokk stórbýla – í byrjun 20 aldar voru fá býli með meira en 10 hektara tún, flest mun minni. Eins og aðstæður eru í dag er aðeins hluti þessa svæðis gróinn – um einn hektari ar alveg blásinn og 2-3 teljast mjög rýrt land. Þessu gæti hafa verið öðruvísi farið á 10. öld en um það verður lítið sagt án frekari rannsókna. Ef ráðist verður í frekari rannsóknir á Hvatastöðum ætti það að vera lykilþáttur að reyna að varpa ljósi á breytingar á gróðurfari og afrakstri landsins. Eins og málin standa nú eru vísbendingarnar misvísandi en líklegra verður þó að telja að Hvatastaðir hafi verið býli í smærri kantinum. Ytri garðurinn gæti endurspeglad bjartsýnar ráðagerðir en mögulegt er einnig að hann hafi verið byggður í öðrum tilgangi en að verja túnrækt innan hans. Það er einkenni á samtíða eyðibýlum að þau eru oft með marga og flókna garða og er ekki alltaf sýnt, frekar en á Hvatastöðum, að þeir tengist allir túnrækt. Nefna má að svokallaður Túngarður á Hofstöðum í Mývatnssveit afgirðir meira en 22 hektara af landi sem að stórum hluta hentar alls ekki til túnræktar. Hver tilgangurinn var liggur ekki í augum uppi en greinilegt er að á einhverju stigi málsins – flestar rannsóknir á garðlögum benda til seinni hluta 10. aldar – hafi íslenskir bændur, sérilagi norðlenskir, lagt mikla áherslu á að byggja garða til að afmarka landareignir og til að stýra umferð búfjár. Það er því mjög merkileg niðurstaða að geta sýnt fram á að merkjagarðurinn, sem skiptir Hrísey í tvennt, sé yngri en ytri túngarðurinn á Hvatastöðum. En sú niðurstaða vekur jafnframt upp ennþá fleiri spurningar og kallar á að önnur garðamót í Hrísey verði rannsökuð með sama hætti. Garðakerfið í Hrísey er ekki heilt en það er þó óvenjuvel varðveitt og gefur færi á að rannsaka tilgang þessara miklu mannvirkja.

Fyrir utan að ná utanum megindrættina í sögu mannvistar á Hvatstöðum sýndu rannsóknirnar sumarið 2018 að í Hrísey eru nokkur mikilvæg gjóskulög frá sögulegum tíma sem munu auðvelda mjög frekari fornleifarannsóknir í eyjunni. Varðveisla þessara gjóskulaga á Eyjafjarðarsvæðinu er mjög misjöfn og því var fyrirfram ekki búist við að þau myndu öll finnast í Hrísey. En í ljós komu gjóskulögin V-Sv frá um 940, H-1104 og „a“ lagið frá 1477. Hinsvegar fundust ekki merki um H-1300 sem víða sést í Eyjafirði og gæti enn átt eftir að finnast í Hrísey. Það að V-Sv og H-1104 eru í Hrísey gerir rannsóknir á byggð og umhverfi eyjunnar á fyrstu öldum byggðarinnar mjög fýsilegan kost.

Viðauki 1. Borkjarnar

Númer kjarna	Staðsetning	Dýpt jarðlags í sm	Lýsing á jarðlagi	Dags.
1	Syðri sjóbúð – 2,8 m frá bakka, innan við gafil	0-5	Yfirborðslag	31.7.18
1	-	5	Steinn	31.7.18
2	Syðri sjóbúð – 2,9 m frá bakka, innan við gafil	0-10	Yfirborðslag	31.7.18
2	-	10	Steinn	31.7.18
3	Syðri sjóbúð – 1,6 m frá bakka, í miðri tóft	0-9	Yfirborðslag	31.7.18
3	-	9-15,5	Ljósbrún mold, dálítið hreyfð	31.7.18
3	-	15,5-18	Uppmokstur með H3	31.7.18
3	-	18-23,5	Torfhræra með viðarkoli	31.7.18
3	-	23,5-28,5	Kolagólf, fitugt en laust í sér	31.7.18
3	-	28,5-33,5	Torfhrun	31.7.18
3	-	33,5-47	Dökk fokmold, hreyfð með votti af ösku og viðarkoli	31.7.18
3	-	47-56	Óhreyft áfok	31.7.18
3	-	56-61	Svört gjóska – 1477?	31.7.18
3	-	61-68	Óhreyft – H3/H4 neðst	31.7.18
3	-	68	Steinn	31.7.18
4	Í miðri reglulegri dæld fast norðan við syðri sjóbúð	0-6	Yfirborðslag	31.7.18
4	-	6-15	Áfok – ljósbrún mold	31.7.18
4	-	15-34	Grábrún mold, fitug, lítillaga hreyfð, vottur af viðarkoli	31.7.18
4	-	34-42	Torfhrun/uppmokstur	31.7.18
4	-	42-55	Ljósbrún fokmold	31.7.18
4	-	55+	Svartar og hvítar linsur, mómyndun	31.7.18
5	Nyrðri sjóbúð – 2 m frá bakka þar sem búðargólfið er dýpst	0-12	Yfirborðslag og mold laus í sér	31.7.18
5	-	12-16	Ljósbrún fokmold	31.7.18
5	-	16-25	Grábrún leirblönduð mold	31.7.18
5	-	25+	Svartar og hvítar linsur, mómyndun	31.7.18
6	Lína þvert yfir bæjartóft. Við bjargbrún	0-30	Grasrót - holrými	5.8.18
6	-	30-52	Einsleit brún fokmold	5.8.18
6	-	52-60	Hreyft - torf	5.8.18

6	-	60	Steinn	5.8.18
7	2 m frá bjargbrún	0-8	Yfirborðslag	5.8.18
7	-	8-14	Dökkbrún, fitug gróðurmold	5.8.18
7	-	14-16	H3	5.8.18
7	-	16-19,5	Grábrún gróðurmold	5.8.18
7	-	19,5-42+	Einsleit gróf fokmold	5.8.18
8	3,5 m frá bjargbrún	0-6	Yfirborðslag	5.8.18
8	-	6-13	Dökkbrún, fitug gróðurmold. Skellur úr H3 á 10-11 sm og 6-7 sm	5.8.18
8	-	13-17	H3	5.8.18
8	-	17-36+	Einsleit gróf fokmold	5.8.18
9	5 m frá bjargbrún, 0,3 m frá austurbrún bæjarhóls	0-9	Yfirborðslag	5.8.18
9	-	9-22	Hreyft m. torfskellum og votti af viðarkoli	5.8.18
9	-	22-36	Einsleit ljósbrún fokmold	5.8.18
9	-	36-43+	Fölbrún leirblönduð mold	5.8.18
10	Vesturmörk bæjarhóls. 16,5 m frá bjargbrún	0-9	Yfirborðslag	5.8.18
10	-	9-14	Hreyfð brún mold, viðarkol	5.8.18
10	-	14-18	H3	5.8.18
10	-	18+	Náttúruleg lög, lagskipt m. gjóskum. Leirkennt neðan við -35 sm	5.8.18
11	19 m frá bjargbrún	0-7	Yfirborðslag	5.8.18
11	-	7-24	Einsleit brún gróðurmold	5.8.18
11	-	24+	Náttúruleg lög, lagskipt m. gjóskum. Leirkenndara eftir því sem neðar dregur	5.8.18
12	Austan við þælu í kringum útihústöft	0-7	Yfirborðslag	5.8.18
12	-	7-12,5	Áfok	5.8.18
12	-	12,5-14	1477(?)	5.8.18
12	-	14+	Óhreyft	5.8.18

Viðauki 2. Hnit á borkjörnum og sniðum

Dagsetning	staður	Hæð yfir sjó	Norður	Austur
2018-07-31	borkjarni 1-2	6,425	611342,605	528972,69
2018-07-31	borkjarni 3	6,474	611343,478	528973,424
2018-07-31	Snið 1	6,093	611344,514	528972,973
2018-07-31	borkjarni 4	7,066	611342,787	528966,472
2018-07-31	borkjarni 5	6,531	611348,773	528957,237
2018-07-31	Snið 2	6,602	611348,630	528959,229
2018-08-05	borkjarni 6	12,823	611458,376	528887,677
2018-08-05	borkjarni 7	12,948	611457,771	528885,752
2018-08-05	borkjarni 8	13,071	611457,217	528884,346
2018-08-05	borkjarni 9	13,155	611456,718	528882,931
2018-08-05	borkjarni 10	13,484	611452,958	528872,550
2018-08-05	borkjarni 11	13,581	611452,071	528870,329
2018-08-05	borkjarni 12	15,681	611507,651	528875,403

Viðauki 3. Gjóskulagarannsókn

Fornleifarannsókn í Hrísey á Eyjafirði sumarið 2018

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netfang: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is

INNGANGUR

Þann 9.-10. ágúst 2018 var farin vettvangsferð í Hrísey á Eyjafirði til að kanna fornleifar. Um var að ræða rústir á eyðibýlinu Hvatastöðum við austurströnd eyjarinnar. Skoðuð voru jarðvegssnið á þremur stöðum, gjóskulög greind, afstaða þeirra til fornminja könnuð og sýni tekin til frekari athugana.

Nokkuð er af gjóskulögum í jarðvegi við Eyjafjörð sem koma að notum við aldursákvæðanir fornminja. Þau lög sem best hafa nýst í þeim tilgangi eru Landnámslagið (LNL) frá því um 880, V-Sv frá um 940, H-1104, H-1158, H-1300, V-1477 og H-1766. Í Á mið-Norðurlandi og NA-landi er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) yfirleitt skýr en í henni eru allt að sex dökk gjóskulög með stuttu millibili, en yfirleitt þó færri. Lögín mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Á Norðurlandi verður LNS almennt ógreinilegri eftir því sem vestar og norðar er farið. Yngsta lagið í syrpanni er V-Sv. Þykkt hennar er yfirleitt á bilinu 4-6 cm. Auk þessara laga er vert að nefna ljósu Hekluögín H-3, um 3000 ára gamalt, og H-4 sem er um 4300 ára. Þessi lög eru áberandi í jarðvegi á Norðurlandi neðan mannvistarleifa, en oft eru slitur af þeim í torfi og fyllingum veggja (Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984, Karl Grönvold et al. 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 2002, Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2010, Magnús Á. Sigurgeirsson et al. 2013, Sigl et al. 2015).

NIÐURSTÖÐUR

Rofbakki í sjóbúðir við fjöru (65° 59.843'N, 18° 21.738'V)

Skoðað var í allháann rofbakka upp af fjörunni um 120 m suðaustan bæjarhóls Hvatastaða. Undir rótarlagi mátti sjá 60-65 cm þykkt torflag (sjá mynd 1). Í því eru slitur af Heklu-3 og dökku sendu gjóskulagi. Samkvæmt smásjárskoðun er þar líklega um gjóskulagið V-1477 að ræða. Neðan torfsins er steríl mold og mór. Engin gjóskulög frá sögulegum tíma var að sjá undir torfinu. Neðarlega í sniðinu mátti sjá nokkur forsöguleg gjóskulög, þar á meðal Saksunarvatnsgjóskuna („Saksa“) og ljóst lag frá Öskju, oft nefnt „Skolli“. Fyrirnefnda lagið er


10.300 ára og það síðara um 10.900 ára. Sé um gjóskulagið V-1477 að ræða í torfinu er ljóst að tóftin er frá 16. öld eða síðar.

Um 15 m sunnan sniðsins mátti sjá um 20 cm þykkt torflag ofan á rauðbrúnum jarðvegi (ofan Heklu-3). Slitrur af H-3 og grágrænu gjóskulagi voru í torfinu. Líklega er um V-1477 að ræða líkt og í hinu sniðinu. Neðar mátti sjá mó og nokkur forsöguleg gjóskulög.

Könnunarskurður í bæjarhól Hvatastaða (65° 59.894'N, 18° 21.845'V)

Snið var mælt í NA-horni og A-prófil könnunarskurðar í bæjarhól (mynd 1). Undir rótarlagi kom fyrst 18 cm dökkbrúnn jarðvegur, mjög maðksmoginn. Í honum var greinilegur torfblendingur. Þá tók við um 3 cm þykkt moldarlag með þunnu grágrænu gjóskulagi. Smásjárskoðun bendir til að um sé að ræða V-1477. Þetta sama gjóskulag má sjá í torfinu fyrir ofan. Síðan tekur við um 22 cm þykkt torflag með yrjum af H-3. Við neðri mörk torfsins er örþunnt slitrótt hvítt gjóskulag, sem vafalítið er H-1104. Ekki verður annað séð en lagið sé *in situ*. Undir H-1104 er um 5 cm þykkt grábrúnt jarðvegslag með rauða og kolum. Telja má víst að um mannvistarlag sé að ræða. Næst undir því kemur Landnámssyrpan með tveimur til þremur dökkum gjóskulögum. Tvö þeirra eru allskýr. Samkvæmt smásjárskoðun gæti efra lagið verið V-Sv frá 940 e.Kr og það neðra frá Grímsvötnum. Um 10 cm neðan LNS má sjá ljósa lagið H-3 í sniðinu.

Með hliðsjón af gjóskulögum má draga þá ályktun að elstu merki um mannvist við Hvatastaði geti verið frá seinni hluta 10. aldar. Elsta torfið sem sést í sniðinu er frá því skömmu eftir 1104. Svo er að sjá sem byggingin sem þá var reist hafi verið fallin vel fyrir 1477 en talsvert seinna, á 16. öld eða síðar, hafa menn byggt aftur á bæjarhólnum.



Mynd 1. Jarðvegssnið frá Hvatastöðum í Hrísey.

Könnunarskurður í túngarð Hvatastaða (65° 59.964'N, 18° 22.092'V)

Snið var mælt í könnunarskurði við mót landamerkjagarðs og túngarðs Hvatastaða, um 220 m norðvestan bæjarhólsins (mynd 1). Mögulegt er að þarna hafi verið hlið. Undir rótarlaginu mátti sjá um 16 cm þykk jarðveg með þremur þunnum gjóskulögum, tveimur dökkum og einu hvítu. Sýni voru tekin úr lögnum og skoðuð í smásjá. Niðurstaðan er sú að um sé að ræða V-1477 efst, síðan H-1300 og H-1104 neðar. Um 3 cm neðan H-1104 er komið í um 24 cm þykkt torf. Skipta má torfinu í tvær einingar, efri einingu sem er 16 cm þykk og neðri einingu sem er 8 cm þykk. Í þeirri efri er torfið grábrúnt og með slitrum úr sendnu gjóskulagi. Samkvæmt smásjárskoðun er líklega um eitt af neðri lögum LNS að ræða (Grímsvatnagjóska). Í neðri

einingunni eru slitrur úr H-3 áberandi og teygist þetta torft greinilega til vesturs. Eftir því sem best verður séð fara gjóskulögin H-1300 og H-1104 yfir grjót efst í túngarðinum. Landnámssyrpan sást ekki undir garðinum sem bendir til niðurgraftar.

Með hliðsjón af gjóskulögum er ljóst að túngarðurinn við Hvatastaði er frá því nokkru fyrir árið 1104. Samkvæmt grófum útreikningi út frá þykknunarhraða jarðvegs á milli H-1104 og H-1300 gæti garðurinn verið frá seinni hluta 10. aldar.

HELSTU HEIMILDIR

Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2010. Forn garðlög í Dalvíkurbyggð: Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd. Fornleifastofnun Íslands FS452-10071, Reykjavík. (með viðauka um gjóskulagagreiningu).

Guðrún Larsen 1982. Gjóskulagatímatatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.

Guðrún Larsen 1984. Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.

Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995. Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2002. Fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði 2002 – Gjóskulagagreining. Greinargerð 02/2002.

Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Anthony Newton, Árni Einarsson 2013. Dating of the Viking Age Landnám Tephra Sequence in Lake Mývatn Sediment, North Iceland. *Journal of the North Atlantic* 21, s. 1-11.

Sigl, M., Winstrup, M., McConnell, J.R., Welten, K.C., Plunkett, G., Ludlow, F., Büntgen, U., Caffee, M., Chellman, N., Dahl-Jensen, D., Fischer, H., Kipfstuhl, S., Kostick, C., Maselli, O.J., Mekhaldi, F., Mulvaney, R., Muscheler, R., Pasteris, D.R., Pilcher, J.R., Salzer, M., Schüpbach, S., Steffensen, J.P., Vinther, B.M. & Woodruff, T.E. 2015. Timing and climate forcing of volcanic eruptions for the past 2,500 years. *Nature* 523: 543-552.

Sigurður Þórarinnsson 1968. Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.